

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi svæðis A á flugþjónustusvæði á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytis þann 6. september 2006 samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi svæðis A á flugþjónustusvæði á Keflavíkurflugvelli upphaflega frá 5. nóvember 2001.

*Breytingarnar eru eftirfarandi:*

Meðal annars er skilgreint veghelgunarsvæði meðfram tengingu Reykjanesbrautar við skipulagssvæðið. Byggingarreitir næst veghelgunarsvæðinu hníkast austur og lóðarmörk og aðrir byggingarreitir til samræmis við það. Byggingarreit hefur verið bætt við lóð D2. Bílastæðalóð B3 hefur verið felld niður og sameinast nærliggjandi lóðum, og lóð B2 er skipt í tvær lóðir, B2 og B3. Lega flugvallargirðingar hefur verið leiðrétt og kvöð um lagnir hefur verið skilgreind á hluta svæðisins. Kvöð um gangandi umferð hefur verið skilgreind frá göngustígakerfi á hlaði flugstöðvarinnar á tveimur stöðum.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir deiliskipulagið sbr. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og gerir ekki athugasemd við að tilkynning um samþykkt þess verði birt í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagsupprátturinn ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytis og öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 2. nóvember 2006.*

F. h. r.  
**Jón Egill Egilsson.**

B-deild – Útgáfud.: 3. nóvember 2006